

## Samþykkt fyrir Fjölmennингarráð Reykjavíkurborgar

### *Umboð*

#### **1. gr.**

Fjölmennингarráð Reykjavíkurborgar starfar í umboði borgarráðs með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari, samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar nr. 715/2013 og eftir því sem lög mæla fyrir um.

### *Verksvið*

#### **2. gr.**

Fjölmenningarráðið skal vera borgarstjórn, nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar til ráðgjafar um málefni og hagsmuni borgarbúa sem snúa að innflytjendum. Ráðið skal stuðla að hvers konar upplýsingagjöf og samstarfi Reykjavíkurborgar við grásrótarsamtök innflytjenda og gera tillögur til borgarráðs sem varðar verksvið þess. Ráðið skal leitast við að tengja saman fjölmennningarleg samfélög á Íslandi, byggja brýr á milli Íslendinga og innflytjenda og koma málefnum innflytjenda á framfæri.

#### **3. gr.**

Fjölmenningarráðið er vettvangur samráðs borgarbúa sem eru innflytjendur, grásrótarsamtaka þeirra, atvinnulífs og borgaryfirvalda og er virkur þátttakandi í allri stefnumörkun málaflokkssins. Fjölmenningarráðið er ráðgefandi fyrir starfsemi Reykjavíkurborgar í málafloknum og stuðlar, að eflingu félagsauðs og kynningu á þjónustu borgarstofnana til borgarbúa sem eru innflytjendur.

### *Skipan*

#### **4. gr.**

Fjölmenningarráðið er skipað 5 fulltrúum og jafnmögum til vara. Borgarstjórn kýs two fulltrúa og two til vara, þrír fulltrúar og þrír til vara eru kosnir beinni kosningu til tveggja ára í senn á Fjölmenningerþingi Reykjavíkurborgar. Borgarstjórn kýs formann ráðsins en fjölmenningaráðið sjálft kýs sér varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Þá getur fjölmenningarráð tekið ákvörðun um áheyrnarfulltrúa hagsmunasamtaka með málfrelsi og tillögurétt.

Fjölmenningarráðið getur í sérstökum tilfellum skipað undirnefndir til að fjalla um afmarkaða málaflokkka. Ákvörðun um skipun undirnefndar skal tilkynna borgarráði.

### *Verkstjórn og verkaskipting*

#### **5. gr.**

Formaður ráðsins er í forsvari fyrir það um stefnumótun og ákvarðanir þess eftir því sem við á og hefur, ásamt öðrum fulltrúum í ráðinu, eftirlit með framkvæmd mótaðrar stefnu í málafloknum.

Fjölmenningarráð er vistað hjá mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar. Mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana ráðsins og rekstri og stjórnsýslu hennar.

## *Boðun funda og fundarsköp*

### **6. gr.**

Fjölmenningarráðið skal að jafnaði halda fund ársfjórðungslega auk opins fundar með borgarstjórn Reykjavíkur og hagsmunaaðilum. Formaður getur boðað til aukafunda eftir þörfum. Fella má niður fundi að sumarlagi.

Formaður fjölmenningarráðsins boðar til funda, ákveður dagskrá í samráði við mannréttindastjóra Reykjavíkurborgar og stýrir fundum ráðsins. Á dagskrá skulu m.a. tekin mál sem fulltrúar í ráðinu hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir enda séu þau á verksviði ráðsins. Fundir skulu boðaðir með a.m.k. viku fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði. Rafræn boðun fundar og útsending fundargagna telst fullgild boðun.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráðinu þótt ekki sé það tilgreint á útsendri dagskrá en skyld er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar sé þess óskað.

Um fundarsköp fer eftir samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar eftir því sem við á.

Mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar skal sitja fundi fjölmenningarráðsins með málfrelsi og tillögurétt. Þá getur ráðið boðað til fundar einstaka starfsmenn Reykjavíkurborgar sem og aðra þá sem hún telur þörf á hverju sinni.

## *Fundaskipulag og ritun fundargerða*

### **7. gr.**

Ráðsfundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum og er þá óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum.

Fjölmenningarráðið skal halda gerðabók og senda eftirrit fundargerða til borgarráðs jafnóðum. Um ritun fundargerða fer eftir verklagsreglum skrifstofu borgarstjórnar. Mannréttindaskrifstofa sér um skrifstofuhald fyrir ráðið og leggur henni til fundarritara. Mannréttindastjóri ber ábyrgð á fundarritun.

## *Málsmeðferð*

### **8. gr.**

Við undirbúning mála og stjórnvaldsákvvarðanir skal þess gætt að farið sé að stjórnsýslulögum og verklagsreglum um stjórnsýsluna.

Óski aðili máls frekari rökstuðnings eða beri hann fram kvörtun vegna afgreiðslu ráðsins skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska endurupptöku stjórnváladsákvörðunar í borgarráði með hliðsjón af skilyrðum 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Telji borgarráð að skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi skal ráðið taka málið upp að nýju.

Um hæfi kjörinna fulltrúa og starfsmanna vísast í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013.

Samþykkt í borgarstjórn X.xx 2014